

88

		Flutt: kr. 4100,00
7.	Til trjáræktar	— 400,00
8.	Til óvissra útgjalda	— 100,00
		Alls: kr. 4600,00

Forseta var falið að leita samþykkis landshöfðingja til hækkunar á jafnaðarsjóðsgjaldinu.

33. Amtsráðsmaður Eyjafjarðarsýslu bar upp svo látandi tillögu: Utaf samþykkt sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu um stofnun fullkominna ullarvinnuvjela við Glerá í Eyjafirði felur amtsráðið forseta sínum að leita álita sýslunefndanna í amtinu um það, hvort þær vilji sameina sig um, að taka allt að 50,000 kr. lán úr landssjóði til slíkrar stofnunar, ef landssjóður leggur fram álika upphæð.

Amtsráðið samþykkti þetta.

Fleiri mál komu ekki til umræðu.

Fundu slitið 1. júní.

*Páll Briem. Ólafur Briem. Árni Jónsson.
B. G. Blöndal. Stefán Stefánsson.*

Rjett eptirrit staðfestir.

Páll Briem.

89

Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Austuramtinu 10.—13. júlí 1899.

Ár 1899, mánudaginn 10. júlí var aðalfundur amtsráðs Austuramtsins settur og haldinn á Seyðisfirði af amtmanni Páli Briem, aðalamtsráðsmanni Austurskaptafellssýslu Þorgrími hjeradslækni Þórðarsyni á Borgum, aðalamtsráðsmanni Norðurþingeyjarsýslu Árna hreppstjóra Kristjánssyni á Lóni og varaamtsráðsmanni Norðurmúlasýslu Einari presti Þórðarsyni á Hofteigi, en aðalamtsráðsmaður Suðurmúlasýslu Axel sýslumaður Túliníus á Eskifirði var eigi kominn í fundarbyrjun, en kom litlu síðar um daginn.

1. Forseti lagði fram reikninga yfir tekjur og gjöld eptirfylgjandi sjóða 1898 með fylgiskjöldum.
 - a. Jafnaðarsjóðs Austuramtsins.
 - b. Búnaðarsjóðs Austuramtsins.
 - c. Búnaðarskólasjóðs Austuramtsins.
 - d. Gjafasjóðs Guttorms prófasts Þorsteinssonar.
 - e. Gjafasjóðs Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar og
 - f. Bókasafns Austuramtsins.

Amtsráðið rannsakaði reikninga þessa og samþykkti þá síðan án athugasemda.

2. Forseti lagði fram alla sýslusjóðsreikninga og sýsluvegasjóðsreikninga 1898 úr öllum sýslum í amtinu og var amtsráðsmönnum Austurskaptafellssýslu

og Norðurmúlasýslu falið að endurskoða sýslusjóðsreikningana, en amtsráðsmönnum Norðurþingeyjarsýslu og Suðurmúlasýslu falið að endurskoða sýsluvegasjóðsreikningana.

89

3. Forseti skýrði frá því, að amtsráð Norðuramtsins hefði á síðasta fundi þess kosið 2 fulltrúa til þess að semja við búnaðarfjelag Suðuramtsins um stofnun búnaðarfjlags Íslands með fullu umboði til þess að gjöra út um málið nú í sumar, auðvitað þó að áskildu samþykki landshöfðingjans yfir Íslandi, að því er snertir skuldbindingar viðvíkjandi fjárframlögum til langframa, og, ef búnaðarfjelag Íslands yrði stofnað, hefði amtsráðið ennfremur ákveðið að hinir kosnu fulltrúar þess skyldu einnig vera fulltrúar þess á búnaðarþingi hins nýstofnada fjelags, þangað til amtsráðið kysi fulltrúa á næsta fundi. Fyrir því kvaðst forseti hafa veitt alþingismanni Einari prófasti Jónssyni í Kirkjubæ og alþingismanni Guttormi Vígfússyni á Geitagerði samskonar umboð fyrir hönd amtsráðs Austuramtsins, og jafnframt hefði hann falið nefndum fulltrúum, ef búnaðarfjelag Íslands kæmist eigi á, að sækja um 2—3000 kr. til eflingar búnaði í amtinu.

Amtsráðið samþykkti þessar aðgjördir forseta.

4. Forseti lagði fram ýmsar skýrslur viðvíkjandi fjárkláðanum, og skýrði frá framkvæmdum þeim, sem gerðar hefðu verið til útrýmingar fjárkláðanum á svæðinu milli Jökulsá á Brú og Jökulsá í Axarfirði. Eftir að amtsráðið hafði nákvæmlega athugað þetta mál, tekur það sjerstaklega fram, að nauðsynlegt sje:
- Að halda fram banni á flutningi sauðfjár yfir Jökulsá á Brú alveg eins og að undanfögnu.
 - Að fjárflutningur sje með öllu bannaður austur yfir Jökulsá í Axarfirði (Stórá) nema á útflutningsfje og sláturfje, en þó skuli það fje vera undir stöðugri gæzlu, þangað til það er flutt á skip eða slátrað, svo og allur fjárflutningur á fullorðnu fje vestur yfir Jökulsá, nema það eigi heima vestanmegin árinna eða það sje ætlað til slátrunar eða útflutnings.
 - Að skipaðar sjeu baðanir á sauðfje í Kelduneshreppi vestan Jökulsár (Stórá) næsta haust eins og að undanfögnu.
 - Að almenn fjárskoðun fari fram í rjettum í haust milli Jökulsáanna og að brýnt sje fyrir hreppstjórum og aðstoðarmönnum þeirra, að hafa vakandi auga á heilbrigðisástandi sauðfjárins og að hreppstjórar skoði sauðfje nákvæmlega, þegar þeir framkvæma hinar almennu búfjárskoðanir næsta vetur, og loks skoði hreppstjórar bæði með aðstoðarmönnum sínum og mönnum, sem þeim er falið að taka sjer til hjálpar, sauðfje næsta vor um rúning, til þess að gengið verði úr skugga um það, hvort nokkursstaðar beri á fjárkláðanum milli Jökulsáanna.
 - Að skipaður verði, ef nokkursstaðar ber á fjárkláða milli Jökulsáanna, tvennar baðanir á öllu sauðfje, sem hefir kláða, eða er grunað um að geti haft kláða, og jafnframt sóttthreinsun fjárhúsa, þar sem kláðabaðanirnar eru fyrirskipaðar, að lækning fjárin standi undir umsjón manns

89 eða manna, sem amtmaður feli þann starfa, og ákvað amtsráðið að menn þessir skyldu eins og að undanfögnu, fá þóknun fyrir starfa sinn úr jafnaðarsjóði, svo og að andvirði fyrir lyf þau, er notuð verða til fjárbaðana og sóttþreinsunar, verði greitt af jafnaðarsjóði.

5. Framlagt var brjef frá bændum í Álptafirði, dags. 21. f. m., þar sem þeir sækja um að amtsráðið veiti af jafnaðarsjóði kr. 542.35, til greiðslu á kostnaði, er þeir hafa haft til útrýmingar fjárkláðanum. Amtsráðið ljét í ljósi, að umsækjendurnir hefðu sýnt lofsverðan áhuga til þess að útrýma fjárkláðanum, sem hefði haft þann árangur, að eigi hefði orðið vart við hann hjá þeim síðastliðið vor. Amtsráðið ákvað að veita mönnum þessum í viðurkenningarskyni af jafnaðarsjóði 112 krónur.
6. Fram lagt var brjef síra Lárusar Halldórssonar, dags. 24 sept. f. á., þar sem hann kærir yfir því, að sýslunefnd Suðurmúlasýslu hafi á fundi 17. ágúst f. á. úrskurðað að kosning eins hreppsnefndarmanns í Reyðarfjarðarhreppi vorið áður skyldi teljast ólögmet, og kosning því fara fram á ný. A kæru þessa var ritað samþykki eins hreppsnefndarmanns í Reyðarfjarðarhreppi.

Amtsráðið taldi úrskurð sýslunefndarinnar lögmetan og fann því ekki ástæðu til að taka kæru þessa til greina.

7. Framlagt var brjef hreppsnefndarinnar í Vopnafjarðarhreppi, dags. 7. þ. m., þar sem hún óskar þess, að amtsráðið felli úr gildi þann úrskurð sýslunefndarinnar í Norðurmúlasýslu á fundi 1.—2. maí þ. á., að sveitarútsvar Runólfs hreppstjóra Halldórssonar á Vopnafirði haustið 1898 skyldi lækka um 10 kr. Úrskurður hreppsnefndarinnar var birtur kærandanum 12. des. f. á., en brjef það, sem kærandinn skaut hreppsnefndarúrskurðinum með til sýslunefndarinnar, kom eigi til oddvita sýslunefndarinnar fyr en 24. febr. 1899. Þar sem kærana til sýslunefndarinnar er komin of seint, eins og tekið er fram í ágreiningsatkvæði oddvita nefndarinnar, samkvæmt lögum 9. jan. 1880 um breyting á tilsk. um sveitarstjórn á Íslandi 1. gr., þá var eigi löglegt af hendi sýslunefndarinnar að leggja úrskurð á málið, og fyrir því fellir amtsráðið áðurnefndan úrskurð sýslunefndarinnar úr gildi.
8. Fram lögð var aðalskýrsla um grenjaleitir og grenjavinnslu úr öllum sýslum amtsins 1897, er forseti hafði sent landshöfðingja með beiðni um að hún væri prentuð í C-deild Stjórnartíðindanna.
9. Forseti lagði fram og las upp tillögur frá öllum sýslunefndum í amtinu um skýrslur þær, er hreppstjórar eiga að semja samkvæmt lögum 26. febrúar 1898, er hann hafði útvegað samkvæmt ályktun amtsráðsins á fundi þess 1898.

Tillögur þessar eru mjög sundurleitar, þar sem sýslunefndir Norðurþingeyjarsýslu og Norðurmúlasýslu óska, að fyrirmynd þeirri, er amtsráðið ákvað á fundi sínum í fyrra, yrði breytt nokkuð, en Suðurmúla- og Austur-skaptafellssýsla óska eigi neinna breytinga á þessari fyrirmynd.

Með tilliti til þess, að lög þau, sem hjer er um að ræða, ef til vill, eiga sjer ekki langan aldur, að minnsfa kosti eins og þau eru nú, ákvað

amssráðið að skýrslufyrirmynd sú, er það ákvað á fundi sínum í fyrra, skyldi gilda fyrst um sinn.

10. Framlagt var brjef sýslumannsins í Norðurmúlasýslu, dags. 6. des. f. á., þar sem hann sækir um að amtsráðið greiði til bráðabirgða kr. 126.50 fyrir aðstoð og fylgd með ingenjör Hanson, til að rannsaka vegarstæði meðfram væntanlegum frjettapræði frá Seyðisfirði til Akureyrar.

Amtsráðið samþykkti að þessar 126 kr. 50 a. mætta greiðast úr jafnaðarsjóði, en væntir jafnframt, að þessi upphæð verði á sínum tíma greidd úr landssjóði.

11. Framlagt var brjef sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, dags. 22. f. m., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndar Norðurþingeyjarsýslu óskar þess, að amtsráðið vilji samþykkja, að sýslunefndin megi veita 300 kr. fjárfstyrk úr sýslusjóði til spítalans á Akureyri og taki til þess lán úr viðlagasjóði Íslands, er ávaxtist með 4% og afborgist á 5 árum. Amtsráðið samþykkti þetta.

12. Framlagt var bónarbrjef frá sýslumanni Eyjafjarðarsýslu frá 24. maí þ. á., um venjulegan styrk til kvennaskóla Eyfirðinga, og frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu um 100 kr. styrk til kvennaskólans á YtriEy, ásamt skýrslum og skjölum skólanna.

Amtsráðið athugaði skjöl þessi og veitti hvorum skólanum fyrir sig 100 kr. úr jafnaðarsjóði næsta ár, en setti jafnframt það skilyrði, að á kvennaskólunum yrði eigi framvegis veitt kennsla í annari handvinnu en klæðasaum og linsaum, en ekki í útsaum (hannyrðum).

13. Forseti lagði fram brjef allra sýslumanna í amtinu viðvikjandi kosningum á undirbókavörðum í sýslunum. Sýslunefnd Austurskaptafellssýslu hafði kosið Otto Tulinius í Höfn í Hornafirði, sýslunefnd Suðurmúlasýslu hafði talið oddvita sínum að kjósa þá, og hafði hann kosið kaupmann Friðrik Möller á Eskifirði og verzlunarstjóra Stefán Guðmundsson á Djúpavogi. — Sýslunefnd Norðurmúlasýslu hafði kosið verzlunarstjóra Ólaf Davíðsson á Vopnafirði, og sýslunefnd Norðurþingeyjarsýslu, verzlunarstjóra Snæbjörn Arnljótsson á Þórshöfn.

Amtsráðið samþykkti þessar kosningar, en jafnframt ákvað það, að flutningur og váttrygging á bókunum frá bókasafninu skyldi greiðast af bókasafnssjóði, en flutningur á bókunum til amtsbókasafnsins skyldi greiðast af sýslusjóði, og að öðru leyti skyldu bækurnar, að því er snertir amtsbókasafnið, vera á ábyrgð sýslusjóðs, ef þær skemmdust eða kæmst eigi til skila, og að öðru leyti skyldu sýslunefndirnar veita undirbókavörðum þóknun af sýslusjóði fyrir starfa þeirra.

Amtsráðið veitti bókasafninu 500 kr. styrk næsta ár, en ákvað að bókaskráin skyldi send til bókavarda til útbýtingar meðal manna, en eptleiddis skyldi prenta bókaskrána í einhverju blaði, og svo sjerprenta um 200 eintök af henni.

14. Framlagðar voru útskriftir af fundargjörðum sýslunefndanna í Múlasýsl-

89 unum viðvíkjandi lenging á námstímanum á búnaðarskólanum á Eiðum úr 2 árum í 3 ár.

Þar sem báðar sýslunefndirnar eru þessu mótfallnar af tilgreindum ástæðum, þá sjer amtsráðið sjer eigi fært að hlutast frekar til um þessa lenging á námstímanum, þótt amtsráðið hins vegar viðurkenni, að námið á skólanum sje eigi í því ástandi, sem æskilegt væri.

15. Lagt var fram brjef sýslumannsins í Austurskaptafellssýslu, dags. 22. apríl þ. á., þar sem hann ber fram þá beiðni sýslunefndarinnar þar, að sú upphæð, er Austurskaptafellssýsla á í vörzlum Austuramtsins, verði greidd í sýslusjóð Austurskaptafellssýslu, svo að sýslunefndin geti ráðstafað henni í þarfir sýslufjelagsins.

Þar sem upphæð þessi tilheyrir búnaðarskólaskjóði, en eigi sýslusjóði, þá gat amtsráðið ekki tekið beiðni þessa til greina.

16. Lagt var fram brjef Jónasar Eiríkssonar, skólastjóra á Eiðum, um styrk til þess að ferðast til hinna búnaðarskólanna, kynna sjer fyrirkomulag þeirra og störf o. s. frv., samkvæmt kostnaðarreikningi, er amtmaður úrskurðaði.

Amtsráðið veitti þessa upphæð, þó svo að hún færi ekki fram úr 300 krónum.

17. Framlagt var brjef frá sjúkrahúsnefnd spítalans á Seyðisfirði, dags. 12. þ. m., um 300 kr. styrk til spítalans næstkomandi ár. Amtsráðið veitti þetta.
18. Framlagðir voru reikningar búnaðarskólans á Eiðum, bæði yfir tekjur og og gjöld búnaðarskólans 1898—1899 og jafnaðarreikningur skólabúsins 6. júní 1899. Amtsráðið rannsakaði reikningana og samþykkti þá síðan án athugasemda.
19. Amtsráðsmenn Austurskaptafellssýslu og Norðurmúlasýslu lögðu fram sýslusjóðsreikningana, er þeir höfðu endurskoðað, og voru þeir úrskurðaðir á þessa leið:

a. Við reikning Austurskaptafellssýslu þótti ekkert athugavert.

a. Við reikning Suðurmúlasýslu þótti athugavert:

- 1 Við tölul. 3 vantar fylgiskjal, er sýni hverjir þeir sjeu, sem keypt hafa borgarabrjef fyrir 200 kr., og ber að gæta þess eptirleidis.
2. Við gjaldl. 1 (fsk. 1); sýslunefndarmaður Vallahrepps, hefir fyrir ferð og setu á sýslufundi á Egilsstöðum og Eiðum 28. og 29. maí reiknað sjer 10 kr. í stað 4 kr., eru því 6 kr. oftaldar, sem ber að endurborga.
3. Sýslunefndarmanni Geithellnahreppshafa verið greiddar 20 kr. fyrir ferð á þingmálafund á Egilsstöðum 2. júní 1897 (fsk. 3), sem eru ólögleg útgjöld, og ber að endurgjalda.
4. Í skýrslum hundalækningarmanna í Breiðdalshreppi 1898, Reyðarfjarðarhreppi 1897 og Norðfjarðarhreppi 1897, þótti athugavert, að eigi voru tilgreindir hversu margir dagar gengu til lækninganna, og ber að gæta þess eptirleidis.

c. Við reikning Norðurmúlasýslu þótti athugavert:

1. Við tekjulið 4 vantar skýrslu um, hverjir þeir eru, er keyptu borgarabryjefin, og ber að gæta þess eptirleiðis.
2. Við útgjaldal. 8 (fsk. 51) vantar að tilgreina, hve mörgum dögum fjárskoðunarmenn Skeggjastadahrepps vörðu til fjárskoðunarinnar og ber að gæta þess eptirleiðis.
- d. Við reikning Norðurþingeyjarsýslu þótti athugavert:
 1. Í fylgiskjölum við gjaldal. 3 vantar að tilgreina, við hvað borgun fyrir hundalækningar er miðuð, og ber að gæta þess eptirleiðis.
 2. Skýrsla um eigur og skuldir sýslusjóðsins vantar og ber að senda hana.
20. Amsráðsmenn Norðurþingeyjarsýslu og Suðurmúlasýslu lögðu fram sýsluvegasjóðsreikningana, er þeir höfðu endurskoðað.

Amsráðið úrskurðaði reikningana þannig:

 - a. Við reikning Austurskaftafellssýslu þótti athugavert, að í reikningi fyrir mælingu á veginum frá Hólum í Nesjum að Höfn (fsk. 14) að upphæð kr. 215.70, er eigi tilgreint fyrir hvaða daga dagpeningar eru reiknaðir, í hverju er fólgin ýmislegur kostnaður og fyrir hvern tíma hesta leiga reiknuð, svo og eigi er sundurliðað, í hverju aðstoð við mælinguna er fólgin.
 - b. Við reikning Suðurmúlasýslu þótti athugavert, að í gjaldal. II. 1. a. (fsk. 12) eru vinnulaun við vegagjörð vantalin um 2 kr., er ber að greiða úr sýslusjóði, og færa til útgjalda í næsta árs reikningi.
 - c. Við reikning Norðurmúlasýslu þótti athugavert:
 1. Verkfærir menn í Jökulsdalshreppi (fsk. 3) eru taldir 74 en eru 73. Fyrir því ber að færa til útgjalda í næsta sýsluvegasjóðsreikningi ofborgað sýsluvegagjald fyrir einn mann kr. 1.25.
 2. Í reikningi yfir vegagjörð í Tunguhreppi (fsk. 13) vantar sundurliðaðan reikning yfir aðgjörð á brúarpöllum og fyrir nýja brúarpalla að upphæð kr. 39.75, svo og fyrir að setja pallana á að upphæð kr. 25.50, og ber að útvega þá og senda.

Ennfremur er það athugavert við úttekt á veginum, að hún er að eins framkvæmd af einum manni og er þar að auki gerð áður en vegagjörðinni var lokið.
 3. Í Hjaltastadahreppi hefir verið varið 109 kr. til aðgjörða á sýsluvegi, en þar hefir hvorki farið fram nein úttekt nje verkamenn kvittað fyrir vinnulaunum sínum, og ber að gæta þess eptirleiðis, að láta annaðhvort af þessu fylgja útgjaldaliðnum.
 - d. Við reikning Norðurþingeyjarsýslu þótti athugavert, að allar skýrslur og reikninga yfir vegagjörðir á sýsluvegunum vantaði, og ber að útvega þær og senda.
21. Forseti lagði fram eptirrit úr gjörðabókum allra sýslunefnda í amtinu.
 1. Norðurþingeyjarsýslu frá 17.—19. apríl 1898.
 2. Norðurmúlasýslu frá 17. ág. 1898 og 1.—2. maí 1899.
 3. Suðurmúlasýslu frá 17. ágúst 1898 og 21.—22. apríl 1899.

4. Austurskaptafellssýslu frá 21. apríl 1899.

Við fundargjörðir Sudurmúlasýslu þótti athugasvert, að sýslunefndin hafði ákveðið, að hver hreppur skyldi vinna upp sitt sýsluvegagjald. Amtsráðið tekur fram, að við svobúið megi standa í þetta sinn, en eftirleiðis megi slíkt ekki koma fyrir, af því að reynslan hefir sýnt, að þetta hefir illar afleiðingar fyrir sýsluvegagjörðirnar.

Við hinar fundargjörðirnar þótti ekkert athugasvert.

22. Amtsráðsmaður Austurskaptafellssýslu gat þess, að það kæmi stundum fyrir að þurfamen og ómagar með næma sjúkdóma (berklaveiki o. fl.) væru fluttir íátækraflutningi, jafnvel inn í heilbrigð hjeruð.

Út af þessu fann amtstráðið ástæðu til þess að beina þeirri áskorun til forseta, að brýna fyrir sýslumönnum að viðhafa svo mikla varuð, sem framast er unnt, með að gefa út vegabrjef fyrir slíka þurfamenn og ómaga.

23. Var samþykkt svohljóðandi

Áætlun

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Austuramtsins 1900.

Tekjur:

1. Væntanlegar eptirstöðvar	kr. 1000 00
2. Jafnaðarsjóðsgjald	— 3500 00
	<u>kr. 4500 00</u>

Gjöld:

1. Kostnaður við amtstráðið	kr. 100 00
2. Til mentamála:	
a. Til bókasafns Austuramtsins	kr. 500 00
b. — kvennaskóla á Ytri Ey	— 100 00
c. — kvennaskóla Eyfirðinga	— 100 00
d. — hússtjórnarskólans í Reykjavík	— 150 00
e. — bóka- og áhaldakaupa handa Eiðaskóla	— 100 00
f. — Eiðaskóla	— 300 00
	<u>kr. 1250 00</u>
3. Til spítala á Seyðisfirði	— 300 00
4. Styrkur til Jónasar Eiríkssonar alt að	— 300 00
5. Til útrýmingar fjárkláða	— 1500 00
6. — óvissra útgjalda	— 150 00
	<u>kr. 4500 00</u>

Forseta var jafnframt falið að leita samþykkis landshöfðingja til hækkunar á jafnaðarsjóðsgjaldinu.

Fleiri mál komu ekki til umræðu, fundarbók upplestin og samþykkt og var svo fundi slitið 13. júlí 1899.

Páll Briem. A. V. Tulinius. Arni Kristjánsson

Einar Þórðarson. Þorgr. Þórðarson.

Íslands Austuramt, Akureyri, 19. júlí 1899.

Páll Briem.